

Kirkjuþing 2021-2022.

27. mál - þskj. 27

T I L L A G A

að starfsreglum um íslensku þjóðkirkjuna erlendis.

(Lagt fyrir 62. kirkjuþing 2021-2021).

Flutt af kirkjuráði.

Frsm. Agnes M. Sigurðardóttir.

1. gr.

Gildissvið og markmið.

Starfsreglur þessar gilda um störf, verkefni og þjónustu íslensku þjóðkirkjunnar erlendis og hafa það að markmiði að lýsa og afmarka meginhlutverk hennar.

2. gr.

Íslenska þjóðkirkjan erlendis.

Íslenska þjóðkirkjan erlendis er sérstakt viðfangsefni þjóðkirkjunnar og heyrir undir biskup Íslands.

Íslenska þjóðkirkjan erlendis sinnir boðun trúar, fræðslu og kærleiksþjónustu meðal Íslendinga á erlendri grund, með helgihaldi, sálgæslu, uppfræðslu í trú og sið. Jafnframt er henni ætlað að vera vettvangur fyrir og styðja við menningarlega starfsemi á kristilegum grundvelli.

3. gr.

Störf og starfsskyldur presta og djákna.

Um störf og starfsskyldur presta og djákna sem starfa innan vébanda íslensku þjóðkirkjunnar erlendis gilda, auk ákvæða starfsreglna þessara, starfsreglur um djákna, starfsreglur um presta, Samþykktir um innri málefni þjóðkirkjunnar, svo og aðrar starfsreglur kirkjuþings og önnur ákvæði íslenskra réttarheimilda eftir því sem við á.

Prestar og djáknar íslensku þjóðkirkjunnar erlendis starfa á grundvelli vígslubrúfs og erindisbrúfs sem biskup setur þeim, svo og ráðningarsamnings og starfslýsingar.

Um samskipti presta og djákna við sóknarnefndir eða safnaðarstjórnir erlendis skal einkum, eftir því sem við á, höfð hliðsjón af ákvæðum starfsreglna um sóknarnefndir.

4. gr.

Störf fyrir sendiráð og önnur stjórnvöld.

Prestar og djáknar sem starfa innan vébanda íslensku þjóðkirkjunnar erlendis veita íslensku sendiráðunum og stjórnvöldum þjónustu eftir því sem um semst.

5. gr.

Hlutverk biskupsstofu.

Biskupsstofa hefur þessi verkefni með höndum fyrir íslensku þjóðkirkjuna erlendis:

- i. Umsjón með þjónustu, starfrækslu og fjárreiðum vegna þeirra stöðugilda sem biskup semur um.
- ii. Lögmælt tilsjón með söfnuðum og vígðri þjónustu.
- iii. Aðstoð við öflun fjár til starfseminnar og undirbúning samningsgerðar um stöðugildi við hlutaðeigandi aðila, ráðuneyti, innlendar stofnanir, kirkjuleg stjórnvöld erlendis og íslenska söfnuði.
- iv. Kynningu á starfseminni jafnt innan kirkjunnar sem utan.
- v. Önnur verkefni eftir nánari ákvörðun biskups.

6. gr.

Umfang og kostun þjónustu o.fl.

Biskup ákveður hvar skuli veita þjónustu djákna eða presta meðal Íslendinga erlendis með þeim fjárhagsskorðum sem settar eru í 2. mgr.

Til þjónustu íslensku þjóðkirkjunnar erlendis er heimilt að nýta það fjárframlag sem kirkjuþing ákveður til starfseminnar ár hvert. Ennfremur er heimilt að nýta fjárframlög sem einstakir söfnuðir kjósa að leggja til þjónustunnar við viðkomandi söfnuð.

Heimilt er að ákvarða og greiða starfstengdan kostnað og annan kostnað en laun í mynt þess lands þar sem viðkomandi djákni eða prestur starfar.

7. gr.

Ráðningar og starfslok.

Um ráðningar djákna og presta í störf fyrir íslensku þjóðkirkjuna erlendis fer samkvæmt starfsreglum um djákna og starfsreglum um ráðningar í preststörf og starfslok eftir því sem við á.

Umsækjendur um störf fyrir íslensku þjóðkirkjuna erlendis skulu uppfylla almenn lögmælt skilyrði til ráðningar í starf djákna eða prests. Að jafnaði skal einnig miða við að umsækjendur hafi góða tungumálakunnáttu, mikla færni í mannlegum samskiptum, menningarläsi og aðlögunarhæfni, svo og reynslu af barna- og æskulýðsstarfi. Æskilegt er að umsækjendur hafi sérþekkingu og menntun á sviði sálgæslu.

Ef starf eða stöðugildi er samstarfsverkefni íslensku þjóðkirkjunnar og ráðuneytis og/eða ríkisstofnunar, þá skulu samstarfsaðilar tilnefna fulltrúa sína til að gegna ráðgefandi hlutverki gagnvart matsnefnd um hæfni umsækjenda. Með sama hætti skal söfnuði ávallt boðið að tilnefna ráðgefandi fulltrúa.

8. gr.

Samráðsfundur íslensku þjóðkirkjunnar erlendis.

Biskup Íslands, eða tilnefndur fulltrúi hans, kallar að jafnaði annað hvert ár til samráðsfundar íslensku þjóðkirkjunnar erlendis. Fundurinn skal vera samstarfs- og samráðsvettvangur um hvaðeina er lýtur að þjónustu þjóðkirkjunnar á erlendri grund, stefnumótun og fjáröflun.

Heimilt er að halda samráðsfundi með stafrænum hætti þegar slíkt þykir henta betur, t.d. sökum kostnaðarsjónarmiða eða ferðatakmarkana.

Til fundarins skal bjóða fulltrúum frá hverjum söfnuði íslensku kirkjunnar erlendis.

9. gr.

Lagaheimild, gildistaka o.fl.

Starfsreglur þessar sem settar eru á grundvelli 8. gr. laga um þjóðkirkjuna nr. 77/2021 öðlast gildi við birtingu á opnum vef þjóðkirkjunnar. Jafnframt falla brott frá sama tíma starfsreglur um íslensku þjóðkirkjuna erlendis nr. 1003/2005, með síðari breytingum.

Greinargerð.

Á 59. kirkjuþingi árið 2019 var samþykkt tillaga til þingsályktunar um skipan þriggja manna nefndar til endurskoðunar á starfsreglum um íslensku þjóðkirkjuna erlendis nr. 1003/2005, með síðari breytingum. Biskup Íslands, kirkjuráð og utanríkisráðherra skyldu tilnefna hver um sig einn nefndarmann og annan til vara. Biskup skildi skipa nefndina og sá er biskup tilnefndi vera formaður. Nefndinni var gert að skila tillögum að breyttum starfsreglum til kirkjuráðs sem legði þær fram sem tillögur að nýjum starfsreglum fyrir kirkjuþing.

Nefndin var skipuð með skipunarbréfi biskups dagsettu 16. október 2020 og skyldi skipunin gilda frá þeim degi að telja og til 30. júní 2023. Um störf nefndarinnar giltu samkvæmt skipunarbréfinu „reglur kirkjuráðs frá 2014 um störf nefnda sem kosnar eru eða skipaðar af kirkjuþingi, kirkjuráði, biskup Ísland eða starfa samkvæmt lögum og starfreglum“. Í nefndinni störfuðu eftirtaldir aðilar. Tilnefnd af kirkjuráði: Séra Sigurður Arnarson, aðalmaður, séra Arna Grétarsdóttir, varamaður. Tilnefnd af

utanríkisráðherra: Veturliði Þór Stefánsson, aðalmaður, Jóhanna Bryndís Bjarnadóttir, varamaður. Tilnefnd af biskupi Íslands: Þorvaldur Víðisson, aðalmaður, Magnea Sverrisdóttir, varamaður.

Nefndin hélt alls átta fundi sem fóru að jafnaði fram með rafrænum hætti. Nefndin kallaði eftir sjónarmiðum þeirra fjögurra presta sem nú um stundir starfa í söfnuðum þjóðkirkjunnar erlendis og bárust skrifleg viðbrögð frá þremur þeirra. Jafnframt bauð nefndin prestunum til samtals á einum fundi sínum. Í samræmi við þingsályktun kirkjuþings skilaði nefndin tillögum sínum að nýjum starfsreglum til kirkjuráðs með skilabréfi dags. 15. september sl.

Tillögur nefndarinnar að nýjum starfsreglum eru hér lagðar fram að mestu óbreyttar með tillögu þessari. Að meginstefnu til er haldið í uppbyggingu eldri starfsreglna nr. 1003/2005, en helstu breytingar á efni og framsetningu reglnanna eru sem hér segir:

1. Settar eru fyrirsagnir á allar greinar reglnanna og bætt við nýju ákvæði í 1. gr. um gildissvið og markmið reglnanna.
2. Bætt er við tilvísun í hlutverk þjóðkirkjunnar erlendis sem vettvangs fyrir menningarlega starfsemi á kristilegum grundvelli.
3. Skerpt er á ákvæðum um störf og starfsskyldur með tilvísun í gildandi starfsreglur um djákna, presta og samþykktir um innri málefni þjóðkirkjunnar.
4. Miðað er við að djáknar geti líka sinnt verkefnum á vegum þjóðkirkjunnar erlendis.
5. Talað er um störf og stöðugildi hvarvetna í starfsreglunum í stað embætta.
6. Miðað er við að umfang og kostun þjónustu íslensku þjóðkirkjunnar erlendis grundvallist á því fjárframlagi sem kirkjuþing ákveður til starfseminnar ár hvert, ásamt mögulegu viðbótarframlagi frá einstaka söfnuðum, sem taki mið af stærð, aðstæðum og umgjörð viðkomandi safnaðar.
7. Minnt er á lögmælt tilsjónarhlutverk Biskupsstofu með söfnuðum og vígðri þjónustu.
8. Skilgreindar eru sértækar hæfniskröfur sem djáknar og prestar, sem starfa fyrir íslensku þjóðkirkjuna erlendis, þurfa að jafnaði einnig að uppfylla m.a. á sviði tungumálakunnáttu, menningarlæsis, aðlögunarhæfni og sálgæslu.
9. Í takt við stafræna framþróun er gert ráð fyrir að halda megi samráðsfund íslensku þjóðkirkjunnar erlendis með stafrænum hætti.

Um einstakar greinar tillögunnar.

Um 1. gr.

Ákvæði 1. gr. er nýmæli. Það tilgreinir gildissvið starfsreglnanna og það markmið þeirra að lýsa og afmarka meginhlutverk íslensku þjóðkirkjunnar erlendis.

Um 2. gr.

Ákvæði 1. mgr. er samhljóða 1. gr. nógildandi starfsreglna. Það skilgreinir íslensku þjóðkirkjuna erlendis sem sérstakt viðfangsefni þjóðkirkjunnar og það að hún heyrir undir biskup Íslands.

Ákvæði 2. mgr. er að mestu samhljóða 2. gr. nógildandi starfsreglna og telur upp þau verkefni sem íslenska þjóðkirkjan erlendis sinnir. Seinni málsliður ákvæðisins er þó nýmæli. Með honum er bætt við tilvísun í það hlutverk þjóðkirkjunnar erlendis að vera vettvangur fyrir og styðja við menningarlega starfsemi á kristilegum grundvelli.

Um 3. gr.

Ákvæðið fjallar um störf og starfsskyldur og eru 1. mgr. og 2. mgr. þess efnislega samhljóða 1. og 2. mgr. 3. gr. nógildandi starfsreglna. Þó hafa verið gerðar þær breytingar að nú er miðað við að djáknar geti líka sinnt verkefnum á vegum þjóðkirkjunnar erlendis. Þá innihalda ákvæðin einnig sérstaka tilvísun í gildandi starfsreglur um djákna, presta og samþykktir um innri málefni þjóðkirkjunnar, svo og aðrar starfsreglur kirkjuþings sem gilda hér, eftir því sem við á, um störf og starfsskyldur presta og djákna íslensku þjóðkirkjunnar erlendis.

Í samræmi við nýlegar lagabreytingar um breytt ráðningarfyrikomulag presta, þ.e. að þeir eru ekki lengur skipaðir embættismenn, hefur verið bætt við ákvæði 2. mgr. tilvísun um að auk erindisbréfs gildi um störf þessi einnig vígslubríf sem biskup setur, svo og ráðningarsamningur og starfslýsing.

Ákvæði 3. mgr. er nýmæli en rétt þykir, sökum hliðsjónargildis og samræmis, að um samskipti presta og djákna við sóknarnefndir eða safnaðarstjórnir erlendis skuli eftir því sem við á, höfð hliðsjón af gildandi ákvæðum starfsreglna um sóknarnefndir.

Um 4. gr.

Ákvæðið er efnislega samhljóða 4. gr. nógildandi starfsreglna um samningsbundin verkefni presta fyrir sendiráð og önnur stjórnvöld. Sú breyting er þó gerð að bætt er við djáknaheitinu, enda gert ráð fyrir að djáknar geti líka sinnt verkefnum á vegum þjóðkirkjunnar erlendis.

Um 5. gr.

Ákvæði þetta er að mestu samhljóða 5. gr. nógildandi starfsreglna um hlutverk biskupsstofu gagnvart íslensku þjóðkirkjunni erlendis. Þó hafa hér verið gerðar eftirfarandi breytingar. Í fyrsta tölulið ákvæðisins er notað orðið stöðugildi í stað orðsins embætti sem tekur mið breyttri löggjöf um að störf presta teljast ekki lengur embætti. Annar töluliður er nýmæli og með honum hnykkt á því hlutverki biskupsstofu að hafa lögmælt tilsjón með söfnuðum og vígðri þjónustu. Í þriðja tölulið eru orðinu embætti einnig skipt út fyrir orðið stöðugildi. Þá er þar felld út tilvísun í Tryggingastofnun ríkisins og í staðinn talað um innlendar stofnanir. Sú breyting endurspeglar að samningar um einstaka stöðugildi geta átt við um aðrar innlendar stofnanir, t.a.m. Sjúkratryggingar Íslands sem tóku við ýmsum verkefnum Tryggingastofnunar ríkisins fyrir allnokkrum árum síðan.

Um 6. gr.

Ákvæði 1. mgr. er samhljóða 6. gr. nógildandi starfsreglna með þeirri breytingu að í stað prestþjónustu er nú talað um þjónustu djákna eða presta. Þetta er í samræmi við fyrrnefnda áherslu um að djáknar geti líka sinnt verkefnum á vegum þjóðkirkjunnar erlendis

Ákvæði 2. mgr. um umfang og kostun þjónustu íslensku þjóðkirkjunnar erlendis byggir að hluta til á ákvæði 7. gr. nógildandi starfsreglna. Í því ákvæði segir eftirfarandi: „Til þjónustu íslensku þjóðkirkjunnar erlendis er heimilt að nýta sértekjur og andvirði þriggja þeirra prestsembættis er getur í 60. gr. laga um stöðu, stjórn og starfshætti þjóðkirkjunnar nr. 78/1997, að meðtöldum embættiskostnaði við jafnmörg prestsembætti á Íslandi.“ Fyrrgreind lög nr. 78/1997 féllu úr gildi 1. júlí 2021 þegar ný lög um þjóðkirkjuna nr. 77/2021 tóku gildi. Því er hér felld út fyrrnefnd lagatilvísun. Í staðinn byggir ákvæði tillögunnar að meginstefnu til á fjárstjórnarvaldi kirkjuþings og tilgreinir að kostun þjónustu íslensku þjóðkirkjunnar erlendis grundvallist á því fjárframlagi sem kirkjuþing ákveður til starfseminnar ár hvert. Ennfremur er þó í ákvæðinu heimilað að nýta fjárframlög sem einstakir söfnuðir kjósa að leggja til þjónustunnar við viðkomandi söfnuð. Slíkt framlag yrði þó í flestum tilvikum fyrst og fremst sértæk viðbót sem tæki mið af stærð, aðstæðum og umgjörð viðkomandi safnaðar.

Ákvæði 3. mgr. er efnislega samhljóða ákvæði 2. mgr. nógildandi starfsreglna eins og því var breytt með starfsreglum nr. 1075/2008. Gerðar hafa þó verið þær breytingar að í stað orðsins embættiskostnaður er nú talað um starfstengdan kostnað. Þá hefur djáknaheitinu verið bætt við ákvæðið, sbr. fyrri umfjöllun um störf djákna á vegum þjóðkirkjunnar erlendis.

Um 7. gr.

Ákvæði þetta er að mestu leyti nýmæli og fjallar um ráðningar og starfslok djákna og presta sem ráðnir eru í störf fyrir íslensku þjóðkirkjuna erlendis. Ákvæðið leysir af hólmi 8. gr. núgildandi starfsreglna sem eru frá árinu 2005 og tekur mið af nálgun í nýrri starfsreglum um ráðningar í preststörf og starfslok frá árinu 2016. Í 1. mgr. ákvæðisins er þannig sérstaklega vísað til þess að um ráðningar djákna og presta skuli farið samkvæmt gildandi starfsreglum um djákna svo og fyrrnefndum starfsreglum um ráðningar í preststörf eftir því sem við á. Síðustu orðin í 1. mgr. „eftir því sem við á“ taka mið af því að sérstakar aðstæður hjá söfnuði erlendis kunna að kalla á aðlögun málsmeðferðar í einstaka tilvikum.

Ákvæði 2. mgr. tilgreinir með tvennum hætti þau skilyrði sem umsækjendur um störf fyrir íslensku þjóðkirkjuna erlendis þurfa að uppfylla. Annars vegar er gerður áskilnaður um að umsækjendur uppfylli almenn lögmaelt skilyrði til ráðningar í starf djákna eða presta. Hins vegar er gerður sérstakur áskilnaður um að umsækjendur skuli að jafnaði hafa góða tungumálakunnáttu, mikla færni í mannlegum samskiptum, menningarläsi og aðlögunarhæfni, svo og reynslu af barna- og æskulýðsstarfi. Af orðunum „að jafnaði“ í ákvæðinu má ráða að upptalningin er hvorki tæmandi né alfarið bindandi og gefur því ákveðið svigrúm við mótun þarfagreiningar starfanna. Þá er tiltekið að æskilegt sé að umsækjendur hafi sérþekkingu og menntun á sviði sálgæslu. Þessi sértæki hæfnisáskilnaður, ekki síst á sviði tungumálakunnáttu, menningarlæsis, aðlögunarhæfni og sálgæslu, tekur ríkt mið af séreðli safnaðarstarfs á erlendri grundu. Þar reynir á getu presta eða djákna til að fóta sig í erlendu menningar- og stjórnsýslumhverfi og krefjandi starfsumhverfi þar sem móðurmálsins nýtur oft takmarkað við. Þá hefur reynslan af samstarfi þjóðkirkjunnar við sendiráðin erlendis sýnt fram á mikilvægi sálgæslunnar í verkefnum á sviði borgarapjónustu. Þessar sértæku hæfniskröfur taka einnig mið af áherslum sem settar voru fram í skýrslu starfshóps frá árinu 2019 um endurnýjað samstarf utanríkisráðuneytisins og þjóðkirkjunnar um þjónustu og aðstoð við Íslendinga erlendis.

Ákvæði 3. mgr. byggir að hluta til á ákvæði 2. málsliðar 8. gr. núgildandi starfsreglna. Það fjallar um þá aðstöðu þegar starf eða stöðugildi er samstarfsverkefni íslensku þjóðkirkjunnar og ráðuneytis og/eða ríkisstofnunar. Er þá miðað við að samstarfsaðilar eigi rétt á að tilnefna fulltrúa til að gegna ráðgefandi hlutverki gagnvart matsnefnd sem metur hæfni umsækjenda á grundvelli starfsreglna nr. 144/2016. Með sama hætti gerir ákvæðið ráð fyrir að söfnuði skuli ávallt boðið að tilnefna ráðgefandi fulltrúa.

Um 8. gr.

Ákvæði þetta fjallar um samráðsfund íslensku þjóðkirkjunnar erlendis og er að miklu leyti samhljóða 9. gr. núgildandi starfsreglna. Við 1. mgr. ákvæðisins hefur þó verið bætt við þeim möguleika að biskup geti falið tilnefndum fulltrúa sínum að kalla til samráðsfundarins.

Ákvæði 2. mgr. er nýmæli og tekur mið af þeirri stafrænu framþróun sem orðið hefur á sviði fjarfundamenningar á síðustu misserum. Með því er heimilað að halda samráðsfund með stafrænum hætti þegar slíkt þykir henta betur. Í dæmaskyni, án þess að sú umfjöllun sé tæmandi, er gert ráð fyrir að stafræn fundarhöld geti t.d. réttlæst af kostnaðarsjónarmiðum, ferðatakörkunum eða umhverfissjónarmiðum.

Ákvæði 3. mgr. er að mestu samhljóða næstsíðasta málslið 9. gr. núgildandi starfsreglna. Gerð er hér sú breyting að fjöldi safnaðarfulltrúa sem boðið er á samráðsfund takmarkast ekki lengur við einn. Þá hefur verið fellt út ákvæði um að biskupsstofa greiði ferðastyrk og annan fundarkostnað safnaðarfulltrúa, sem tekur mið af framkvæmd undanfarinn tveggja áratuga.

Um 9. gr.

Ákvæðið er almennt gildistökuákvæði og þarfnast ekki skýringa.